

Hornafjörður 8. janúar 2019

Fyrirspurn til bæjarstjórnar – Ritun fundargerðar bæjarstjórnar

Á óformlegum fundi í lok fundar bæjarstjórnar 23. ágúst s.l. var rætt um að gera breytingar á skráningu fundargerða bæjarstjórnar. Þessu var fylgt eftir af bæjarráði og 3. september bókaði bæjarráð á eftirfarandi hátt um málið: „**9. 201808050 Ritun fundargerða bæjarstjórnar. Breyting á ritun fundargerða mun verða þannig að ekki verði ritað beint upp eftir ræðum bæjarfulltrúa.**“

Þessi breyting tók gildi strax á bæjarstjórnarfundi 13.09.2018 og var fylgt eftir með þessum orðum, rituðum í fundargerð: „*Samkvæmt óformlegri beiðni bæjarstjórnar fór bæjarráð yfir hvaða leiðir eru bestar til að breyta formi á ritun fundargerða bæjarstjórnar. Þannig að ekki verði ritað upp eftir ræðum bæjarfulltrúa. Helstu breytingar á fundargerðum eru þær að ekki verði ritað upp eftir ræðum bæjarfulltrúa en greint verði frá hver tekur til máls og hver mætir til andsvars. Skv. samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins er bæjarfulltrúum heimilt að setja bókanir undir viðkomandi mál. Fundurinn í heild sinni verður aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins og fésbókarsíðu sveitarfélagsins.*“

Eftirfarandi bréf barst undirrituðum frá bæjarbúa sem hefur athugasemdir við þennan gjörning bæjarstjórnar og ég geri athugasemdir viðkomandi að mínum: „*Þann 17. september síðast liðinn setti ég á fb-síðu sveitarfélagsins athugasemd við ritun fundargerða á bæjarstjórnarfundum undir „innlegg gesta“. Þar óskaði ég eftir breytingum við framsetningu fundargerða og jafnvel svörum.*

Fimmtudaginn 13. desember var síðasti bæjarstjórnarfundur ársins. Fundargerðin kom jú samdægurs á vef sveitarfélagsins en það var ekki fyrr en í gær (mánudag) sem upptökur af fundinum komu hingað inn. Fundurinn var í lengra lagi og birtist í þremur hlutum.

Þær breytingar sem hafa orðið eru að nú leggja fundarmenn fram bókanir en þær þarf að birta reglum samkvæmt í fundargerð. Og það er ljómandi gott. En víðast hvar annars staðar er staðan svipuð og í september. Það kemur fram að einhver hafi „tekið til máls“ og svo er einhver „til andsvars“ – ekki orð um það hvað var sagt. Vilji lesendur fundargerða vita hvað er rætt er ekki um annað að gera en að hlusta á fundinn allan. Ég lét mig hafa það og þá kom nú áhugavert í ljós. Það fer alls ekki alltaf saman það sem er sagt á fundum og svo að sem kemur í fundargerðinni, jafnvel þó það sé bókun. Ég vona að þetta sé ekki meðvituð ákvörðun.

Þar nefni ég sem dæmi umfjöllun um fjárhagsáætlun. Ég hvet fólk til að hlusta á upptökurnar og hafa til hliðsjónar fundargerðina.

Ég hvet jafnframt núverandi meirihluta til að sýna þann dug og metnað sem þarf til að finna leið svo fundargerðir verði aðgengilegar og endurspegli það sem um er rætt. Það er vel mögulegt með nútíma tækni. Það hlýtur að vera mikilvægt að upplýsa kjósendur sem best.“

Ég fer fram á að bæjarstjórn ræði þetta mál á n.k. bæjarstjórnarfundum, undir liðnum fyrirspurnir til bæjarstjórnar.

M.b.k

Sæmundur Helgason

fulltrúi 3.framboðsins í Bæjarstjórn Hornafjarðar